

**43. fundur framkvæmda- og veitunefndar haldinn í Aratungu, Reykholti,
fimmtudaginn 9. nóvember 2023, kl. 15:00.**

Fundinn sátu:

Stefanía Hákonardóttir, Helgi Kjartansson, Jón Forni Snæbjörnsson, Ásta Stefánsdóttir, Benedikt Skúlason og Kristófer Arnfjörð Tómasson.

Fundargerð ritaði: Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri.

1. Umsókn um meira heitt vatn Lyngbraut 3 - 2301036

Umsókn Kvistabæjar um 4,7 til 5 sekl af heitu vatni (aukið magn)

Lagt var fram erindi Kvistabæjar ehf. frá 24.10.2023 þar sem sótt er um aukið heitt vatn til notkunar á Lyngbraut 3. Óskað er eftir 4,7-5 sek lítrum.

Sviðsstjóra framkvæmda- og veitusviðs er falið að ræða við umsækjanda.

2. Hitaveita í sumarhúsahverfi við Grafará - 2011043

Ályktun aðalfundar Rekstrarfélags Seljalands sem haldinn var 17.10.2023 um hitaveitumál.

Ályktunin var lögð fram.

3. Tungurimi Borgarimi 2, verkfundargerðir - 2208024

10. fundur haldinn 16.10.2023 (2. verkfundur 2. áfanga)

11. fundur haldinn 30.10.2023 (3. verkfundur 2. áfanga)

Lagðar voru fram verkfundargerðir vegna tveggja funda.

Sviðsstjóri fór yfir stöðu verksins.

4. Bygging húss fyrir UTU við Hverabraut 6, verkfundargerðir - 2209023

8. fundur haldinn 14.09.2023

9. fundur haldinn 05.10.2023

10. fundur haldinn 26.10.2023

Lagðar voru fram fundargerðir 3ja verkfunda.

Sviðsstjóri fór yfir stöðu verksins.

5. Viðhald Árbúða 2024 - 2311004


Erindi Íslandshesta, dags. 31.10.2023, varðandi viðhald Árbúða.

Erindi Íslandshesta var lagt fram.

Afgreiðslu málsins er frestað.

6. Áskorun um endurbætur á Reykholti áhaldahúsi fnr. 222-6776 - 2311006

Erindi Freyju fjárfestingafélags, dags. 17.10.2023, varðandi endurbætur á fasteigninni Reykholt áhaldahús, fnr. 222-6776



*Erindi Freyju fjárfestingafélags var lagt fram.
Sviðsstjóra framkvæmda- og veitusviðs er falið að gera útekt á ástandi hússins og skila minnisblaði til nefndarinnar.*

7. Fjárhagsáætlun 2024 og 2025-2027 - 2308018

Fjárhagsáætlun 2024

Rætt var um fjárhagsáætlun ársins 2024.

8. Snjómokstur í dreifbýli 2021-2024 - 2110026

Til kynningar, framsal á samningi um snjómokstur og hálkuvarnir á héraðsvegum, tengivegum og heimreiðum í Bláskógabyggð 2021-2024, vesturhluti frá og með 1. nóvember 2023.

Tilkynningar um framsal samnings voru lagðar fram. Hermann Geir Karlsson framselur samninginn til Ketilbjörns ehf. Tæplega eitt ár er eftir af samningstímanum. Sviðsstjóri hefur samþykkt framsalið í samræmi við samningsákvæði.

9. Afskriftir eldri krafna 2023 - 2310069

Tillaga um afskriftir eldri krafna Bláskógaveitu

Tillagan var lögð fram. Framkvæmda- og veitunefnd leggur til við sveitarstjórn að tillagan verði samþykkt.

10. Hundahald og hundaeftirlit - 2308014

Samningur um eftirlit með hundum og föngun hunda, til kynningar.

Sviðsstjóri gerði grein fyrir samningi við verktaka um hundaeftirlit.

11. Skólatún fráveita og gatnagerð - 2209029

Til kynningar, samningur um malbikun Skólatúns, göngustíga o.fl. á Laugarvatni

Sviðsstjóri gerði grein fyrir samningnum og stöðu verksins.

Fundi slitið kl. 16:40.

Stefanía Hákonardóttir

Helgi Kjartansson

Jón Fornir Snæbjörnsson

Ásta Stefánsdóttir

Benedikt Skúlason

Kristófer Arnfjörð Tómasson